

Dagskrá fundarins

Mæting: Ólafur Oddur, Helgi, Ingibergur, Sigmundur, Svana og Snær

1. Fundargerð 790 lesin upp og samþykkt
2. Aðsent efni
3. Grískt rómverskt fang
  -
4. Grunnskólamót GLÍ og sveitaglíma 16 ára og yngri
  - Grunnskólamót GLÍ og sveitaglíma fór fram 10-11. Apríl 2010
  - Mótið fór vel fram og var það einnig vel sótt, alls mættu 90 keppendur.
  - Glímt var á fjórum völlum og gekk mótið fljótt fyrir sig.
5. Íslandsglíman 2010
  - Íslandsglíman fór fram laugardaginn 10.apríl í íþróttahúsi Kennaraháskólans.
  - Mótið var mjög skemmtilegt og æsispennandi.
  - Pétur Eyþórsson og Svana Hrönn Jóhannsdóttir báru sigur úr býtum í karla og kvennaflokki.
  - Vel var sótt bæði hjá glímumönnum og áhorfendum.
  - Katrín Jakobsdóttir Menntamálaráðherra veitti verðlaun í lok móts við góðar undirtektir.
  - Til gamans má geta að fyrrverandi glímukóngar, þingmenn o.fl. mættu á svæðið sem áhorfendur. Þar má nefna Ármann J. Lárusson, Eyþór Pétursson o.fl.
  - Öll úrslit má sjá á heimasíðu GLÍ.
  - Glímusamband Íslands vill nota tækifærið og óska sigurvegurum til hamingju með titilinn.
6. Unglingalandsmót í Borgarnesi ( Sérgreinastjóri)
  - Glímusamband Íslands óskar eftir sérgreinarstjóra á Unglingalandsmót í Borgarnesi í sumar.
  - Svana Hrönn Jóhannsdóttir ætlar að sækja fund UMFÍ til þess að líta málið nánar.
7. Lokahóf
  - Lokahóf Glímusambands Íslands fer fram laugardaginn 24.apríl í golfskálanum í Grafarholti.
  - Lokahófsnefnd er að starfa á fullu og er vel á veg komin.
  - Búið er að panta mat og hús.
  - Búið er að finna hljómsveit.
  - Stjórnin valdi Jón Birgi Valsson sem Félagsmálamann ársins 2009-2010.
  - Undirbúningur gengur annars vel.
8. Önnur mál
  - Pétri og Ólafi var boðið til Sardiníu til að keppa í Sastrumpa sem fer fram í ágúst og ætla þeir að þiggja boðið.

- Stjórnin samþykkti að undanþága yrði gefin í Sveitaglímu Íslands í kvennaflokki að heimila þriggja manna sveitir.
- Kristinn Guðnason verður fimmtugur 18. maí. Stjórnin ákveður að gefa honum blóm og harðfisk.
- 19. júní er fyrirhuguð Bændaglíma á Selfossi. Hugmynd er að fá Elísabeth og Svönu til að leiða hvora sveitina.

**9. Næsti fundur ákveðin og fundi slitið**

- Næsti fundur verður 12. maí klukka 17:30. Fundi slitið klukkan 19:00.